

**Sp.**

**550. Svar**

[269. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um skiptingu aflaverðmætis, útflutningsverðmæti sjávarafurða, gjaldeyrisöflun og landframleiðslu eftir kjördæmum.

*1. Hver hefur verið skipting aflaverðmætis eftir kjördæmum á hverju ári á tímabilinu 1981–1986?*

Ekki er mögulegt að fá umbeðnar upplýsingar eftir skiptingu kjördæma þar sem einu tiltæku heimildirnar eru frá Fiskifélagi Íslands sem skiptir landinu talsvert öðruvísi en kjördæmaskiptingin er, sbr. eftirfarandi yfirlit:

Suðurland: Vestmannaeyjar — Þorlákshöfn.

Reykjanes: Grindavík — Reykjavík.

Vesturland: Akranes — Búðardalur.

Vestfirðir: Barðaströnd — Veiðileysa.

Norðurland vestra: Strandir — Siglufjörður.

Norðurland eystra: Ólafsfjörður — Vopnafjörður.

Austurland: Bakkafjörður — Hornafjörður.

Að öðru leyti er spurningunni svarað í töflu 1.

**Tafla I.**

**Aflaverðmæti, landað til vinnslu innanlands.**

(Upphæðir í millj. kr. á verðlagi hvers árs.)

	<b>1981</b>	<b>1982</b>	<b>1983</b>	<b>1984</b>	<b>1985</b>
Suðurland .....	297	418	731	1 025	1 258
Reykjanes .....	645	870	1 353	1 791	2 213
Vesturland .....	244	348	620	859	1 110
Vestfirðir .....	327	424	794	1 140	1 280
Norðurland vestra .....	176	163	376	664	1 006
Norðurland eystra .....	371	431	801	1 117	1 689
Austfirðir .....	404	418	843	1 314	1 906
Samtals	2 464	3 072	5 518	7 910	10 462

**Aflaverðmæti, hlutfallsleg skipting.**

	1981	1982	1983	1984	1985
Suðurland .....	12.1	13.6	13.2	13.0	12.0
Reykjanes .....	26.2	28.3	24.5	22.6	21.2
Vesturland .....	9.9	11.3	11.2	10.9	10.6
Vestfirðir .....	13.3	13.8	14.4	14.4	12.2
Norðurland vestra .....	7.1	5.3	6.8	8.4	9.6
Norðurland eystra .....	15.1	14.0	14.5	14.1	16.1
Austfirðir .....	16.4	13.6	15.3	16.6	18.2
Samtals	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0

Heimild: Fiskifélag Íslands, Útvegur 1981–1985.

2. *Hver er skipting útflutningsverðmætis sjávarafurða áætluð á grundvelli aflaverðmætis í einstökum kjördæmum og sundurliðað eftir framleiðslustöðum og helstu fisktegundum?*

Eftir sömu landshlutaskiptingu og áður er greint frá er möguleiki að greina frá útflutningsverðmæti sjávarafurða á verðlagi ársins 1986, skipt á grundvelli aflaverðmætis einstakra landshluta.

Sjá töflu II.

**Tafla II.**

**Útflutningsverðmæti sjávarafurða 1981–1985.<sup>1)</sup>**  
(Upphæðir í millj. kr. á verðlagi ársins 1986.)<sup>2)</sup>

	1981	1982	1983	1984	1985
Suðurland .....	3 629	3 211	3 196	3 492	3 810
Reykjanes .....	7 856	6 681	5 932	6 071	6 731
Vesturland .....	2 969	2 668	2 712	2 928	3 366
Vestfirðir .....	3 988	3 258	3 487	3 869	3 874
Norðurland vestra .....	2 129	1 251	1 647	2 256	3 048
Norðurland eystra .....	4 528	3 305	3 511	3 787	5 112
Austfirðir .....	4 916	3 211	3 705	4 459	5 779
Samtals	30 015	23 585	24 190	26 862	31 720

<sup>1)</sup> Skipting niður á landshluta er gerð á grundvelli aflaverðmætis innanlands, sbr. töflu I.

<sup>2)</sup> Fjárhæðir eru færðar til verðlags ársins 1986 miðað við verðvísitölu sjávarafurðaframleiðslunnar.

Að mati Þjóðhagsstofnunar er afar torvelt að flokka útflutningsframleiðsluna eftir framleiðslustöðum með þeim gögnum sem eru tiltæk. Því verði sundurliðun eftir landshlutum að nægja á grundvelli verðmætis þess afla sem landað er til vinnslu í hverjum landshluta.

3. *Hvert hefur verið framlag hvers kjördæmis í gjaldeyrisöflun landsmanna á sama tímabili? Beðið er um heildargjaldeyrstekjur af útflutningi og hreinar gjaldeyristekjur eftir því sem upplýsingar leyfa.*

Upplýsingar um þetta atriði eru hvergi fyrirbyggjandi og miðað við tiltæk gögn er heldur ekki hægt að afla þeirra. Gildir þetta um hvort tveggja heildargjaldeyrstekjur og hreinar gjaldeyristekjur.

Ástæða er hins vegar til að geta þess að þó að slíkar upplýsingar lægju fyrir væri sitthvað við þann mælikvarða að athuga, til að mynda vegna þess að hver sú atvinnustarfsemi á svæðinu, sem starfar í heilbrigðri samkeppni við innflutning og framleiðir fyrir innlendan markað, sparar gjaldeyri og er þar af leiðandi engu þýðingarminni en útflutningsgreinin.

*4. Hvert má áætla að hafi verið framlag hvers kjördæmis til landsframleiðslunnar í heild og á vinnandi mann á sama tímabili (1981–1986)?*

Þjóðhagsreikningagerð hér á landi er ekki enn komin á það stig að unnt sé að svara spurningum af þessu tagi. Til þessa hefur Þjóðhagsstofnun lagt áherslu á skýrslugerðina fyrir landið í heild og reynt að bæta hana og treysta eftir föngum. Við skiptingu landsframleiðslunnar eftir kjördæmum koma hins vegar upp ýmis ný álitamál, en fullyrða má að skýrslugerð af því tagi gæfi mun betri mynd af þætti hvers landshluta í þjóðarbúskapnum en gjaldeyristekjur eins og vikið er að í svari við þriðju spurningu.